



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Dags: 22.03.2024

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna (ábyrgðarmenn og námsstyrkir), mál nr. S-85/2024 á Samráðsgátt stjórnvalda.

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) lýsir yfir vonbrigðum með hve litlar úrbætur er stefnt á í fyrirætluðum breytingum á lögum um Menntasjóð námsmanna. Þessa vinnu má rekja aftur til ársins 2020 þegar lög um Menntasjóð námsmanna tóku gildi en í þeim má finna bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að ráðherra skuli kynna niðurstöður endurskoðunar laganna eigi síðar en á haustþingi 2023. Stúdentahreyfingarnar byrjuðu að undirbúa sig fyrir endurskoðunina á vormánuðum 2022, fyrir tæpum 2 árum, og birtu bæði SÍNE og LÍS ítarlegar kröfugerðir um haustið sama ár (sjá [hér](#) og [hér](#)). Þá gaf ráðuneytið út skýrslu í lok árs 2023 um mat á endurskoðun laga um Menntasjóð námsmanna, þar sem rakin eru fjölmörg tilefni til úrbóta. Það eru því vonbrigði að sjá að ráðherra ætli ekki að nýta alla þessa vinnu, bæði stúdenta og ráðuneytisins, til þess að gera raunverulegar og heildstæðar úrbætur á námslánasjóðskerfinu.

Þrátt fyrir að einstaka breytingar sem frumvarpið boðar séu smávægilegt skref í rétta átt þá telur SÍNE að ráðast verði í umtalsverðar breytingar til þess að sjóðurinn sinni jöfnunarhlutverki sínu sem skyldi. Að neðan má finna athugasemdir SÍNE við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr. Námsstyrkur þegar skipt er um nám

Þó tillagan sýni viðleitni til að auka svigrúm námsfólks til að skipta um nám, er tillagan alltof þröngt sniðin og skapar einungis svigrúm sem gagnast mun litlum hópi. SÍNE telur að það svigrúm muni ekki hafa nein teljandi áhrif á þann sveigjanleika sem nauðsynlegt er að búa til í nýja kerfinu.

SÍNE telur að réttast væri að auka svigrúm námsfólks til þess að skipta um nám, óháð því hve langt er liðið á námsferil viðkomandi námsmanns. Í stað fyrirbyggjandi tillögu, ætti mun frekar að heimila námsfólki viðbótarsvigrúm upp á 60 ECTS eininga til ráðstöfunar milli námsferla. Þannig gætu 60 ECTS einingar verið styrkbærar utan þess náms sem viðkomandi nemandi útskrifast úr, óháð námstímabili og fagi.

3. gr. Lán frá Endurlánum ríkissjóðs

SÍNE telur þriðju grein rekstrarlegs eðlis og ekki til þess fallna að hafa áhrif á viðskiptavini sjóðsins. Jákvætt væri ef hægt væri að greina á milli þess hluta sjóðsins sem situr í nýja námslánakerfinu og þess hluta sem á rætur að rekja í eldra fyrirkomulag. Að því sögðu telur SÍNE við hæfi að benda á að breytingar á uppgreiðsluskilmálum fjármögnunarskuldbindinga sjóðsins geta í framtíð leitt til breytinga á uppgreiðsluskilmálum námslánanna sjálfra. Því vill SÍNE halda því til haga að hér er ekki um að ræða breytingu sem nýta ætti til að rökstyðja breytingar á uppgreiðsluskilmálum námslána. Geti sjóðurinn ekki greitt inn á skuldbindingar sínar við Ríkissjóð í takt við snemmbúnar innborganir greiðenda er fyrirséð að ójafnvægi geti skapast milli skuldbindinga sjóðsins við ríkissjóð og útlána sjóðsins.

1. og 4. gr. Ábyrgðarmenn

Standa þarf vel að niðurfellingu ábyrgðarmannakerfisins og sjá til þess að þær breytingar sem innleiddar séu bitni ekki á þeim sem þurfi mest á námslánnum að halda. Nauðsynlegt er að breytingarnar takmarki ekki enn frekar möguleika þeirra sem skilgreindir hafa verið sem ótryggir lántakar til að hljóta námsstuðning.

Lokaorð

SÍNE lýsir yfir vonbrigðum með að þetta séu þær breytingartillögur sem skiluðu sér út úr endurskoðunarferlinu og telur frumvarpið endurspegla metnaðarleysi fyrir málaflökkinum. Augljóst er að fullt tilefni er til margvíslegra breytinga sem gætu verið námsfólki og íslensku samfélagi til góðs, sér í lagi þar sem fyrir liggur heildræn skýrsla um mat á lögum um Menntasjóð námsmanna. SÍNE telur að í fyrirlögðum frumvarpsdrögum sé ekki brugðist við þeirri skýrslu með fullnægjandi hætti. Þá vísar SÍNE til áherslna sinna sem birtar voru í janúar 2023 og fara með ítarlegum hætti yfir kröfur samtakanna vegna endurskoðunar á Menntasjóði námsmanna (sjá viðhengi).

SÍNE vísar til umsagnar LÍS og BHM og tekur undir hana að öllu leyti. SÍNE ítrekar sérstaklega það sem fram kemur í umsögn BHM og LÍS varðandi það að styrkjafyrirkomulagið gengur of skammt og að nauðsynlegt er að bregðast við því.

Að lokum lýsir SÍNE yfir vonbrigðum með að samráðsvilji stúdentahreyfinganna hafi ekki verið nýttur með betri hætti, til að ráðast í heildstæðar úrbætur á kerfinu.

Fyrir hönd Sambands íslenskra námsmanna erlendis,



Katla Ársælsdóttir, varaforseti SÍNE